# ÁRSSKÝRSLA 2004



FJÁRSÝSLA RÍKISINS

# Ársskýrsla
## 2004

Fjársýsla ríkisins

# Efnisyfirlit


Formáli fjársýslustjóra .......... 4

Um Fjársýslu ríkisins .......... 5
- Stutt sögulegt yfirlit .......... 5
- Hlutverk og stefna .......... 6
- Markmið og áherslur .......... 7
- Mannauðurinn .......... 7
- Starfsmannastefnan .......... 8

Skipulag og starfshættir .......... 9
- Skipulag .......... 9
- Starfshættir .......... 11
- Samstarfsaðilar .......... 11

Starfsemin árið 2004 .......... 12
- Helstu verkefni og afrakstur .......... 12
- Fjármál .......... 14
- Starfsmenn og þróun .......... 15
- Kennitölur og umsvif á árinu .......... 17

Ársreikningur 2004 .......... 21
- Staðfesting ársreiknings .......... 23
- Áritun endurskoðenda .......... 24
- Rekstrarreikningur .......... 25
- Efnahagsreikningur .......... 26
- Sjóðsstreymi .......... 27
- Skýringar með ársreikningi .......... 28

# Formáli fjársýslustjóra

Á undanförnum árum hefur starfsemi stofnunarinnar tekið miklum breytingum. Fram á mitt ár 1998 takmarkaðist starfsemin við yfirumsjón með bókhaldi ríkisins. Frá 1. maí 1998 var Ríkisbókhaldi falið að annast launaafgreiðslu ríkisins og snemma árs 2002 var starfsemi embættis ríkisféhirðis einnig færð til stofnunarinnar. Samhliða þessu þótti rétt að endurskoða heiti stofnunarinnar og var því breytt í Fjársýsla ríkisins í ljósi þeirra verkefna sem hún sinnir nú.

Í tengslum við þessar breytingar var skipulag stofnunarinnar endurskoðað. Skiptist það í sjö svið þar sem fimm þeirra gegna nokkurs konar framleiðslustarfsemi og tvö eru í stoðhlutverki við hin sviðin. Markmiðið með breytingunni var að fá sveigjanlegt skipulag sem fellur vel að starfseminni. Framleiðslusviðin markast af þeim verkefnum sem undir þau heyra en þau eru bókhaldssvið, launasvið, ríkisfjárhirsla, tekjusvið og uppgjörssvið. Rekstrarsvið og tæknisvið vinna þvert á skipulagið í stoðhlutverki við önnur svið.

Á þessum árum hefur einnig átt sér stað gagnger uppstokkun á ýmsum upplýsingakerfum ríkisins sem eru á forræði Fjársýslunnar. Um mitt ár 2001 voru undirritaðir samningar við Skýrr hf. um kaup ríkisins á Oracle eBusiness Suite til notkunar fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Er hér um samþætt kerfi fyrir fjárhagsbókhald, launagreiðslur, starfsmannakerfi, tímaskráningu, birgða- og innkaupakerfi, verkbókhald o.s.frv.

Innleiðing upplýsingakerfisins hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi Fjársýslunnar á síðustu 2-3 árum. Gróft áætlað taka rúmlega 90% aðila í A-hluta upp fjárhagskerfið, en öllum er gert að taka upp launa- og starfsmannakerfið. Í ársbyrjun 2004 var fjárhagskerfið tekið í notkun hjá Fjársýslunni fyrir samtals 115 ríkisstofnanir og ráðuneyti sem eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu. Í árslok 2004 var búið að innleiða fjárhagshluta kerfisins hjá flestum öðrum A-hluta aðilum einnig. Árið 2004 var fram haldið frekari undirbúningi að upptöku nýja launagreiðslukerfisins en verkáætlun þess miðaðist við að það taki við af því gamla haustið 2005.

Af öðrum verkefnum hjá stofnuninni má nefna frekari þróun á tekjubókhaldskerfi ríkisins. Mikilvægum áfanga var náð á árinu 2004 með samkomulagi við bankana um að færa skattkröfur inn í heimabankana. Er þar um að ræða bætta þjónustu við skattborgarana sem skilar sér jafnframt í bættri innheimtu.

Í heild hlýtur árið 2004 að teljast ansi viðburðaríkt í sögu Fjársýslu ríkisins með innleiðingu á nýju upplýsingakerfi bæði hjá stofnuninni sjálfri og hjá öðrum A-hluta aðilum. Mikið hefur mætt á starfsfólki sem hefur sinnt sínum störfum af alúð og eljusemi. Vil ég nota tækifærið og þakka því góð störf.

Þetta er fyrsta ársskýrslan sem tekin er saman fyrir starfsemi Fjársýslunnar. Hér koma því fram ýmis atriði sem ekki er gert ráð fyrir að verði fjallað um í sambærilegum skýrslum í framtíðinni. Skýrsla sem þessi gefur vissulega aðeins grófa mynd af því umfangsmikla starfi sem fram fór í stofnuninni á árinu 2004 en þó gefur hún mikilvægt yfirlit um helstu verkefnin. Því er ekki vafi á að hún geti nýst bæði ráðuneytinu og stofnuninni sjálfri við stefnumótun og stjórnun þeirra verkefna sem undir hana heyra.

*Gunnar H. Hall*
fjársýslustjóri

# Um Fjársýslu ríkisins

## Stutt sögulegt yfirlit

Fjársýsla ríkisins á rætur að rekja allt aftur til ársins 1910 þegar ráðinn var aðalbókari á skrifstofu Stjórnarráðsins til að annast bókhald Landssjóðs. Fyrstu lögin um starfsemi Ríkisbókhalds voru sett árið 1931 og giltu þau allt fram til ársins 1966 þegar ný lög voru sett og komið á nýrri skipan um samningu fjárlaga og bókhald ríkisins. Með lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, varð Ríkisbókhald sérstök ríkisstofnun. Samkvæmt þessum lögum er hlutverk stofnunarinnar að hafa yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila er ríkisreikningur nær til og að sjá um gerð ríkisreiknings.

Árið 1952 fluttist launaafgreiðsla ríkisins til Ríkisbókhalds, var þar til ársins 1968 þegar hún var færð undir fjármálaráðuneytið. Árið 1998 ákvað ráðuneytið að flytja launaafgreiðsluna aftur til Ríkisbókhalds þar sem talið var mikilvægt að skilja kjarasamningagerð og lagalega túlkun þeirra betur frá framkvæmd sjálfrar launaafgreiðslunnar.

Með bréfi dagsettu 1. mars 2002 fól fjármálaráðuneytið Ríkisbókhaldi að fara með verkefni embættis ríkisféhirðis. Í framhaldi af þessu lagði fjármálaráðherra fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997. Þótti stofnanaheitið Ríkisbókhald hafa of þrönga skírskotun miðað við gjörbreytt hlutverk á undanförnum árum. Með samþykkt frumvarpsins í maí 2002 var nafni stofnunarinnar breytt í Fjársýslu ríkisins (FJS) og forstöðumaður hennar gegnir starfsheitinu fjársýslustjóri.



## Hlutverk og stefna

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

### Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

### Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi, sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þar með talda viðskiptavini, samstarfsaðila og samfélagið í heild.
- Traust og áreiðanleiki við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun og hæfni.

### Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs séu öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

### Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

## Markmið og áherslur

### Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að stofnunin veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki með góða sérfræðikunnáttu og með hágæða upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áríðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Forysta við innleiðingu og rekstur á nýju fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum verður áfram höfuðverkefni FJS á næstu árum. Hér er um mjög umfangsmikið verkefni að ræða. Hafa þarf í huga að ekki nægir að hafa keypt nýtt verkfæri heldur þarf einnig að tryggja að það verði notað. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með þessari viðamiklu fjárfestingu. Þessu verður aðeins náð með því að fylgja verkefninu eftir með öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Þetta er verkefni sem stofnunin leggur mikla áherslu á að koma í fastar skorður.

### Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðiþekkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefnin eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilárangursþáttur stofnunarinnar er að hún hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram nýjar og breyttar áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og samsetningu hans og einnig að auka og bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar.

## Mannauðurinn

Til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu þarf hún að ráða yfir hæfu starfsfólki sem hefur öðlast ákveðna reynslu í störfum sínum. Mikilvægt er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi aukinnar sérhæfingar og krafna um bætta þjónustu. Starfsemin einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi í gegnum starfsmenn, upplýsingar og gögn sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Viðskiptaauður felst í tengslum við þessa aðila, ásamt góðu aðgengi að þeim og langri hefð fyrir samskiptum við þá. Í innra skipulagi, ferlum og upplýsingakerfum stofnunarinnar eru einnig fólgin ákveðin verðmæti. Skipulagsauður stuðlar að auknum gæðum í starfseminni og þar með að bættri þjónustu. Verkferlar og vinnufyrirkomulag er almennt fastmótað og tryggja þannig rétta meðferð gagna og upplýsinga.

Þar sem FJS er „dagsetningastofnun“ gerir hún miklar kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, færslu bókhalds, greiðslur reikninga, greiðslu barnabóta, skil á innheimtutekjum til rétthafa o.s.frv. Almennt er starfsfólkið mjög meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og hefur mikinn metnað fyrir því að leysa störf sín vel af hendi.

Til að ná yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar er horft til eftirfarandi þátta: Fjölda starfsmanna, meðalaldurs starfsmanna, starfsaldurs starfsmanna, menntunarstigs, starfsmannaveltu, kynjahlutfalls, umfangs og kostnaðar við fræðslu, fjölda vinnustunda, fjölda veikindadaga, o.s.frv.

## Starfsmannastefnan

FJS tók saman sérstaka starfsmannahandbók í byrjun árs 2003 þar sem meðal annars er fjallað sérstaklega um starfsmannastefnu stofnunarinnar. Þar er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að reynt sé að auka hæfni starfsmanna til að takast á við síbreytileg viðhorf og stórfelldar breytingar í tækni- og stjórnunarumhverfi stofnunarinnar. Lagt er upp úr því að vinnuumhverfi verði mótað þannig að vel fari um starfsmenn og þeim gert auðvelt að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Starfsmannastefnunni er ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar fyrir alla starfsmenn. Hún lýsir eindregnum vilja til að skapa eftirsóknarverðan vinnustað.

### Markmið

- Eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsmenn eru búnir undir krefjandi verkefni með markvissri og skipulegri þjálfun.
- Að stuðla að jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla, sem geri starfsmönnum kleift að samræma starf og einkalíf.
- Að tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði og jafna möguleika til að vaxa og dafna í starfi.
- Að starfsmenn eigi kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu og hæfni í starfi.
- Að starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni sín, skyldur og áherslur stofnunarinnar.

Það er á ábyrgð starfsmanna og yfirstjórnar stofnunarinnar að vinna að framangreindum markmiðum.



# Skipulag og starfshættir

## Skipulag

Mikil þróun hefur átt sér stað hjá stofnuninni á undanförnum árum. Í tengslum við aukin og breytt verkefni var skipulag hennar endurskoðað snemma árs 2004. Stjórnskipulagið miðast nú við sjö svið undir yfirstjórn fjársýslustjóra og varafjársýslustjóra. Hverju sviði er stjórnað af forstöðumanni og ber hann ábyrgð gagnvart fjársýslustjóra á því að verkefni séu leyst af hendi. Forstöðumenn deila verkefnum til starfsmanna sinna, sjá til þess að þau séu faglega unnin og að afgreiðsla þeirra sé í samræmi við stefnu og reglur stofnunarinnar.




Skipulagið er flatt starfaskipulag og gefur það glögga mynd af starfseminni. Samkvæmt skipuritinu sinna fimm svið nokkurs konar framleiðslustarfsemi, þ.e. bókunum, greiðslum eða afgreiðslum, en tvö sviðanna gegna stoðhlutverki við framleiðslusviðin. Miklar tengingar eru við stoðdeildir. Starfsmannastjóri tilheyrir rekstrarsviði og ber ábyrgð gagnvart fjársýslustjóra á þeim verkefnum sem snúa að starfsmannamálum stofnunarinnar. Mikilvægt markmið með skipulaginu er að það sé sveigjanlegt og einskorði ekki verkefni innan tiltekins sviðs heldur styðji við samvinnu á milli sviða. Þannig þarf fyrirkomulagið meðal annars að tryggja að starfsmaður sem fellur undir tiltekið svið geti einnig unnið verkefni sem eru á forræði annars sviðs. Dæmi um þetta eru ýmsir vinnuhópar sem hafa starfað þvert á sviðin eða skipulagið í tengslum við innleiðingu á nýja fjárhags- og mannauðskerfinu. Þar hefur töluvert reynt á skipulagið og hefur það reynst vel. Þessi sveigjanleiki breytir þó ekki því að öll verkaskipting á milli sviða og ábyrgð verður að vera fastmótuð þannig að ekki leiki vafi á hvar viðkomandi skyldur og verkefni liggja.

Hér á eftir verður farið fáum almennum orðum um helstu verkefni einstakra sviða.

### Bókhaldssvið

Aðalbókhald ríkisins fellur undir þetta svið og er þar miðað við allt sem tilheyrir bókhaldi stofnana innan ársins, þar með taldir ferða-, banka- og viðskiptareikningar. Verkefnin ná m.a. til umsjár með stofnskrám og bókunar fylgiskjala.

### Launasvið

Undir þetta svið fellur umsjón með launaafgreiðslu ríkisins sem stofnunin annast fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Starfsemin tekur til þjónustu við ráðuneyti og ríkisstofnanir við launaafgreiðslu og umsjónar með mannauðskerfi ríkisins.

### Rekstrarsvið

Verkefni þessa sviðs snýr einkum að fjármálum og rekstri stofnunarinnar. Þetta svið vinnur þvert á önnur svið stofnunarinnar og hefur umsjón með almennri þjónustu sem veitt er, svo sem heimasíðu, símvörslu, skjalavistun, innkaupum og starfsmannastjórnun. Jafnframt fellur hér undir gerð rekstraráætlana, fjárlagatillagna og að fylgja eftir árangursstjórnun innan stofnunarinnar.

### Ríkisfjárhirsla

Undir þetta svið fellur greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð og þær ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttaka innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

### Tekjusvið

Hér fellur undir rekstur og þróun Tekjubókhaldskerfis ríkisins (TBR), Innheimtuskilakerfis og samskipti við innheimtumenn ríkissjóðs og aðra notendur kerfanna. Þá heldur sviðið utan um sundurliðunarbókun tekna í TBR og skilar upplýsingum til aðalbókhaldsins.

### Tæknisvið

Hér fellur undir ráðgjöf og stefnumótun í hugbúnaðar- og vélbúnaðarmálum stofnunarinnar. Nær það til allra þeirra kerfa sem stofnunin hefur umsjón með sem og vegna eigin þarfa. Jafnframt tilheyrir þessu sviði ráðgjöf, þjónustuborð upplýsingakerfa, leiðbeiningar og námskeiðahald stofnunarinnar.

### Uppgjörssvið

Helstu verkefni þessa sviðs tengjast uppgjöri og afstemmingum við mánaðaruppgjör ríkissjóðs, árshlutauppgjör og gerð ríkisreiknings. Þetta svið hefur yfirumsjón með gerð ríkisreiknings.

## Starfshættir

Starfsemi FJS tekur til yfirumsjónar með bókhaldi og launaafgreiðslu ríkisins ásamt því að sjá um innheimtur og greiðslur fyrir ríkissjóð. Verkefnin eru því mjög víðtæk og sérhæfð. Í stofnuninni er því til staðar mikil sérfræðikunnátta og þekking á aðstæðum hjá ríkinu og ríkisstofnunum á sviði fjármála. Stofnuninni er ætlað að vera leiðandi fyrir aðrar stofnanir ríkisins á sviði bókhalds og uppgjörs og þá tækni sem nauðsynlegt er að beita í slíku starfi.

Markvisst er unnið að því að dreifa ábyrgð og völdum til forstöðumanna sem deila út verkefnum. Mikilvægt er að verkferlar séu traustir meðal annars til að efla öryggi við skráningu viðskipta og við meðferð og vörslu fjármuna.

## Samstarfsaðilar

Miklar kröfur eru gerðar til FJS og rík áhersla lögð á að hún skili sínu hlutverki á farsælan hátt. Viðskiptavinahópur stofnunarinnar er stór og fjölbreyttur. Má þar nefna ráðuneyti, ríkisstofnanir, Alþingi, launþega ríkisins, skattgreiðendur, sveitarfélög og aðra einstaklinga og fyrirtæki. Í raun eru þetta hvort tveggja í senn, hagsmunaaðilar og samstarfsaðilar. FJS vinnur náið með fjármálaráðuneytinu í sínu starfi, enda sækir stofnunin sínar heimildir þangað. Stofnunin á einnig mikið samstarf við Ríkisendurskoðun og skattyfirvöld. Hvað snertir uppsetningu og hýsingu á upplýsingakerfum ríkisins er stofnunin í miklum samskiptum við Skýrr hf. og EJS hf. og einnig við Reiknistofu bankanna meðal annars vegna greiðslu- og bankafærslna.



# Starfsemin árið 2004

## Helstu verkefni og afrakstur

Árið 2004 var viðburðaríkt starfsár hjá Fjársýslu ríkisins, sérstaklega hjá þeim starfsmönnum sem unnu að innleiðingu á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Stærsta skrefið var stigið í upphafi ársins þegar FJS tók kerfið að fullu í notkun hjá sér og lagði niður eldra bókhaldskerfi (BÁR) og gjaldkerakerfið. Frá þeim tíma náði nýja kerfið til allra þátta í daglegri bókun, afgreiðslu og útgreiðslum stofnunarinnar. FJS er stærsti einstaki notandinn á fjárhagshluta kerfisins. Á hverjum degi eru bókaðir og greiddir um 1.000 reikningar sem eru jafnframt skannaðir inn samhliða skráningu og er það nýmæli.

Innleiðingin reyndi verulega á starfsmenn og ýmsa þætti í starfsemi stofnunarinnar en í heild er óhætt að segja að hún hafi tekist vel. Á fyrri hluta ársins urðu óhjákvæmilega ýmsir byrjunarörðugleikar sem þurfti að yfirstíga og olli það meðal annars því að tafir urðu á útgáfum mánaðaryfirlita ríkissjóðs. Smám saman tókst að bæta úr töfum og með haustinu tókst að tryggja tímanlega útgáfu á yfirlitinu.

Lokið var við hönnun á ferli fyrir flutning færslna frá vefkerfi Kreditkorta hf. inn í Oracle kerfið. Bókhaldsfærslur Innkaupakorts ríkisins voru fluttar rafrænt inn í kerfið fyrir þær stofnanir sem nota Innkaupakortið.

Til að mæta óskum notenda um einfalt viðmót voru útbúnar svokallaðar GL skýrslur sem sækja gögn í bókhaldið án þess að notendur þurfi að nota bókhaldskerfið sjálft. Nokkurn tíma tók að ná tökum á því hvaða skýrslur hentuðu notendum og stilla kerfið þannig að svartíminn lagaðist, þó varla geti hann talist nægilega góður enn sem komið er. Í lok árs gátu notendur valið um mikinn fjölda af skýrslum til að greina tekjur og gjöld hjá sínum stofnunum.

Í upphafi árs voru færslur úr Innheimtuskilakerfi og fleiri kerfum fluttar vélrænt inn í Oracle kerfið sem síðan annast greiðslur til sveitarfélaga, kirkjugarða og sókna. Þessi lausn gekk vel og opnar hún m.a. möguleika á daglegum skilum á hlutdeild sveitarfélaga í innheimtri staðgreiðslu.

Í árslok voru flestar stofnanir, sem hafa fært sjálfar sitt bókhald í BÁR, búnar að taka Oracle fjárhagskerfið í notkun. Dæmi um slíkar stofnanir eru sendiráð Íslands sem tóku kerfið að fullu í notkun á árinu. Sendiráðin geta nú séð daglega sína stöðu í mynt viðkomandi lands en á sama tíma getur utanríkisráðuneytið skoðað stöðuna í ISK. Þar sem allir þessir aðilar vinna nú í sama kerfinu, auðveldar það ráðuneytinu til muna alla aðstoð við sendiráðin ef þörf krefur.

Mikil þróunar- og undirbúningsvinna fór fram í starfsmanna- og mannauðshluta Oracle kerfisins á árinu 2004. Upplýsingar um starfsmenn tæplega 200 stofnana ríkisins voru settar inn í starfsmannakerfi Oracle. Var það grunnur að því sem koma skyldi að færa útreikning á launum úr gamla launakerfinu yfir í Oracle launakerfið. Jafnframt því að flytja upplýsingar á milli kerfa þá var launaafgreiðsla flutt til um það bil 100 stofnana og kallaði það á mikla vinnu við kennslu og aðstoð við stofnanir.
Þrjár stofnanir fengu greidd laun úr Oracle launakerfinu á síðasta ársfjórðungi 2004. Var þetta gert til þess að láta reyna á sem flesta þætti í launakerfinu áður en allar stofnanir ríkisins yrðu færðar inn í launakerfið.

Landspítali - Háskólasjúkrahús (LSH) var í forystu við innleiðingu á vörustýringarhluta Oracle kerfisins. Í árslok voru flestir lagerar og birgðastöð sjúkrahússins komin í kerfið. Ýmsar nýjungar voru innleiddar svo sem þráðlausar handtölvur fyrir lagerstarfsmenn og gert var átak í notkun á strikamerkjum. LSH tók upp vefverslun fyrir starfsmenn á árinu þar sem hægt er að panta vörur af

lager eða frá birgjum. Um leið og pöntun er gerð eru heimildir starfsmanna til að panta kannaðar og gengið frá bókun á millideildarviðskiptum. Á árinu var jafnframt unnið að því að tengja Oracle kerfið við rafrænt markaðstorg (RM) þannig að kerfið getur bæði sent rafrænar pantanir og tekið á móti rafrænum reikningum. Í lok október sendi fjármálaráðherra fyrstu rafrænu pöntunina til Parlogis og markaði það upphaf rafrænna samskipta við Oracle kerfið.

Rekstur á Oracle kerfinu gekk vel á árinu. Í byrjun júní var tekin í notkun útgáfa 11.5.9 af kerfinu en upphaflegur verksamningur við Skýrr gerði ráð fyrir útgáfu 11.5.4. Nýja útgáfan opnaði ýmsa nýja möguleika fyrir stofnanir ríkisins.

Helstu verkefni við Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) á árinu beindust að aukinni hagkvæmni í rekstri og áframhaldandi þróun í átt að frekari sjálfsafgreiðslu borgaranna. Flestum útsendum kröfum hefur verið breytt úr gíróseðlum í greiðsluseðla fyrir innheimtu skatta og gjalda í TBR. Greiðsluseðlar fara inn í kröfupottinn í bankakerfinu. Notendur vefbanka sparisjóða og banka geta skoðað kröfur sínar þar og greitt þær. Þá var byrjað að tengja innheimtukröfur í kröfupottinum við birtingakerfi bankanna, þannig að gjaldandi getur skoðað sundurliðun greiðsluseðla í sínum vefbanka.

Ýmsir nýjir innheimtuferlar litu dagsins ljós á árinu. Í Greiðslukerfi TBR var unnið að því hvernig unnt sé að geyma kvittanir rafrænt og stuðla þannig að því að kerfið geti orðið „pappírslaust“. Í álagningarkerfi TBR var lögð lokahönd á uppsetningu ferils fyrir erfðafjárskýrslur en breyting varð á þeirri framkvæmd 1. júlí 2004 þegar skattstofur tóku við umsjón með erfðafjárskýrslum af Ríkisendurskoðun. Lokið var við að heimfæra innheimtutegundir í TBR kerfinu á fjárhagstegundir í Oracle til þess að geta sent summutölur vélrænt yfir í fjárhagsbókhaldið. Lokaþátturinn í flutningi staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds frá upplýsingakerfum RSK yfir í TBR var unninn við álagningar- og innheimtugagnavinnsluna 2004.

Nokkrar nýjar stofnanir og ráðuneyti tengdust TBR á árinu. Starfsmenn þeirra sjá sjálfir um að leggja á gjaldendur í kerfinu, prenta út greiðsluseðla og senda þá til gjaldenda. Þeir sjá um að fylgjast með innheimtunni og geta farið í vanskilaaðgerðir ef ekki greiðist.

Í ársbyrjun var tekinn upp nýr lykill fyrir tegundasundurliðun og flokkun á tekjum ríkissjóðs sem tekur í aðalatriðum mið af nýlegum staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (GFS 2001). Tekjunum er skipt upp í fjóra aðalflokka; skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur og sölu eigna.

Ríkisreikningur vegna ársins 2003 var lagður fram í lok september 2004. Er það í síðasta skipti sem samstæðan fyrir ríkissjóð og ríkisreikningurinn í heild er unnin í bókhaldskerfi ríkisins (BÁR).

## Fjármál

Rekstrarsviðið í náinni samvinnu við fjársýslustjóra hefur yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er jafnframt farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá betri heildarsýn á fjármál stofnunarinnar og tryggja nauðsynlega samræmingu verkefna og forgangsröðun. Rekstrarsvið og fjársýslustjóri, ásamt öðrum forstöðumönnum bera einnig ábyrgð á gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma og taka rekstraráætlanir jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Fjárheimildir FJS í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2004 námu alls 976,3 millj. kr., lækkuðu um 7,9% frá árinu á undan. Skýrist sú lækkun af mun lægri stofnkostnaði við innleiðingu á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins en á móti vegur aukinn rekstrarkostnaður á kerfinu.

### Yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

| | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| Tekjur | -7,5 | -2,2 | -1,7 |
| Gjöld | 367,1 | 327,6 | 301,5 |
| Rekstur upplýsingakerfa | 548,0 | 542,1 | 517,6 |
| Stofnkostnaður upplýsingakerfa | 155,3 | 274,8 | 391,5 |
| Annar stofnkostnaður og eignakaup | 10,0 | 9,8 | 11,9 |
| **Gjöld umfram sértekjur** | **1.072,9** | **1.152,1** | **1.220,8** |
| Framlag ríkissjóðs | 976,3 | 1.053,5 | 1.429,8 |
| **Tekjujöfnuður** | **-96,6** | **-98,6** | **209,0** |

### Uppsafnaðar fjárheimildir í millj. kr.

| | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 145,2 | 243,7 | 34,7 |
| Hagnaður/tap | -96,6 | -98,6 | 209,0 |
| **Staða í árslok** | **48,6** | **145,2** | **243,7** |

Töluverðar sveiflur eru í afkomunni þau þrjú ár sem yfirlitið sýnir. Skýrast þær í aðalatriðum af því að kostnaður við innleiðingu á Oracle kerfinu féll til síðar en ráðgert var upphaflega. Þannig kemur fram mikill afgangur á árinu 2002 og flyst hann yfir á næsta ár. Smám saman er gengið á fjárheimildirnar eftir því sem verkinu hefur miðað áfram og myndast halli árin 2003 og 2004. Í árslok 2004 var fjárheimildastaðan komin niður í 48,6 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins sem er birtur hér aftar í skýrslunni ásamt skýringum.

## Starfsmenn og þróun

Í árslok 2004 voru starfsmenn Fjársýslu ríkisins 72 og er það sami fjöldi og árið áður. Myndin hér að neðan sýnir að karlmenn voru færri eða 32 samanborið við 40 konur.

Fjöldi starfsmanna í árslok




Kynjahlutfall starfsmanna




Á árinu hættu 6 starfsmenn, þar af einn sökum aldurs. Starfsmannavelta var rúmlega 8% sem er svipað hlutfall og árið áður. Meðalaldur starfsmanna var 46 ár og var fjölmennasti aldurshópurinn

á bilinu 46-50 ára eða 15 talsins eins og kemur glöggt fram í myndinni hér að neðan. Meðalstarfsaldur starfsmanna var 11 ár og um 75% þeirra voru með þriggja ára starfsreynslu eða meira. FJS hefur á að skipa breiðum hópi sérfræðinga. Menntun starfsmanna var þannig háttað að um 40% starfsmanna eru með háskólapróf og eru langflestir þeirra viðskiptafræðimenntaðir. Að frátöldum langvarandi veikindum hjá starfsfólki sem voru alls 350 dagar á árinu 2004, námu veikindafjarvistir 6,4 dögum að meðaltali á starfsmann á árinu.




Listi yfir starfsmenn FJS í árslok er birtur innan á kápu hér fyrir aftan.

## Kennitölur og umsvif á árinu

Kennitölur hafa ekki einungis upplýsingagildi heldur hafa þær margvíslega hagnýta þýðingu við stefnumótun og stjórnun þar sem þær gefa góða vísbendingu um hvernig hefur gengið að ná settum markmiðum. Á næstu árum er stefnt að því að þróa frekar þær kennitölur sem hér eru settar fram þannig að unnt verði að fá marktækan samanburð á milli ára.

### Gerð ríkisreiknings

Meginmarkmið með gerð ríkisreiknings er að birta uppgjör ríkissjóðs og allra stofnana og fyrirtækja þess, með því er unnt að gefa sem gleggsta mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Í ríkisreikningi 2003 sem kom út í september 2004, var fjöldi liða eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Ríkisstofnanir í A-hluta | 276 |
| Tilfærsluliðir | 138 |
| Aðrir liðir | 134 |
| **Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings** | **548** |

Jafnframt eru birtar lykiltölur úr ársreikningum 36 ríkisaðila í B, C, D og E- hluta.

### Eignaskrá ríkisins

Samkvæmt 15. gr. laga um Fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, ber A-hluta aðilum að skila árlega skrá yfir varanlega rekstrarfjármuni til birtingar í ríkisreikningi. Fjöldi eignaskráa sem átti að skila í tengslum við gerð ríkisreiknings 2003 nam alls 285, þar af skiluðu 283 eignaskrá en 2 aðilar uppfylltu ekki lögbundin skil.

### Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum má skipta greiðsluþjónustu FJS í tvennt, þ.e. fyrir ríkissjóð annars vegar og ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir hins vegar.

**Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð** er vegna greiðslna á launum og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til greiðslu reikninga, barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarða, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til innheimtu af veittum lánum og greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka.

| | |
|---|---|
| Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl. | 5.312 |
| Fjöldi tékka í launavinnslu | 2.504 |
| Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum | 60.344 |
| **Fjöldi tékka** | **68.160** |
| Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl. | 155.319 |
| Bankainnlegg vegna launagreiðslna | 269.444 |
| Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum | 242.107 |
| **Fjöldi bankainnleggja** | **666.870** |

Árið 2004 var fjöldi tékka 95.021 og fjöldi bankainnleggja 654.193. Stefnt er að því að fækka útgáfu tékka enn frekar á næstu árum og helst að afnema þá.

**Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir** nær til allra greiðslna á aðsendum reikningum vegna rekstrarkostnaðar o.fl., styrkveitinga og samninga. Stærri ríkisstofnanir annast hins vegar yfirleitt sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

| | |
|---|---|
| Fjöldi ráðuneyta og stofnana í greiðsluþjónustu | 96 |
| Innheimt skuldabréf, húsaleigusamningar og reikningar | 10.814 |
| Greiddir reikningar | 160.631 |

## Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt Fjárreiðulögunum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir öllum stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald ásamt námskeiðahaldi. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

| | |
|---|---|
| Stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS | 115 |
| Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald | 161 |

## Umsjón og eftirlit með Oracle fjárhagskerfi og SKIL

FJS hefur umsjón með nýju fjárhags- og mannauðskerfi Oracle. Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Fjársýslan hefur einnig umsjón með lánakerfi ríkisins, SKIL, sem heldur utan um öll veitt og tekin lán ríkisins.

| | |
|---|---|
| Stofnanir sem nota Oracle | 244 |
| Stofnanir utan Oracle | 32 |
| Fjöldi veittra og tekinna lána | 1.350 |

## Útborgun launa ríkisstarfsmanna

FJS sér um rekstur á launakerfi ríkisins sem er að stofni til frá árinu 1976. Laun starfsmanna allra A-hluta stofnana skv. fjárlögum, nema heilbrigðisstofnana utan Reykjavíkur, eru greidd í kerfinu. Auk þess eru greidd laun starfsmanna nokkurra B-hluta stofnana.

| | |
|---|---|
| Fjöldi launamanna | 29.113 |
| Fjöldi launavinnslna | 51 |
| Fjöldi launaseðla í útborgunum | 271.948 |

Á árinu 2004 var unnið að undirbúningi við að taka upp launagreiðsluhlutann í Oracle kerfinu hjá A-hluta aðilum á árinu 2005. Laun starfsmanna hjá öllum A-hluta stofnunum verða greidd í hinu nýja kerfi.

## Umsjón og eftirlit með innheimtukerfum

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, Innheimtuskilakerfi og Tekjubókhaldskerfi ríkisins.

| | |
|---|---|
| Útgefnir greiðsluseðlar | 650.475 |
| Útgefnir gíróseðlar | 785.980 |
| Greiddir greiðslu- og gíróseðlar | 1.129.693 |
| Útsend innheimtubréf | 200.000 |

Árið 2004 var fjöldi útgefinna greiðsluseðla 402.665 og fjöldi útgefinna gíróseðla 1.127.244. Stefnt er að því að flytja útgáfu gíróseðla yfir í greiðsluseðla að fullu á næstu árum.

## Skil og uppgjör staðgreiðslu

FJS sér um að skipta og skila innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga, hlutdeild sókna, kirkjugarða o.fl. í tekjuskatti.

| | |
|---|---|
| Sveitarfélög | 105 |
| Kirkjugarðar og sóknir | 581 |

## Námskeið

Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2004 á vegum Fjársýslu ríkisins og/eða í samvinnu við aðra, svo sem Skýrr hf. og Tollstjórann í Reykjavík.

| | |
|---|---|
| Oracle - fjárhagsnámskeið | 68 |
| Oracle - mannauðsnámskeið | 60 |
| Vinnustund - námskeið | 73 |
| TBR - námskeið | 15 |

RÍKISENDURSKOÐUN

# Fjársýsla ríkisins

## Ársreikningur 2004

Fjársýsla ríkisins
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík
Kennitala: 540269-7509

RÍKISENDURSKOÐUN

# Staðfesting ársreiknings

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. Fjársýsla ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Helstu verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
3. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
4. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
5. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
6. Færsla fjárhags- og launabókhalds fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
7. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

Á árinu 2004 nam tekjuhalli stofnunarinnar 96.574 þús. kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi nema 92.602 þús. kr. og eigið fé 48.608 þús. kr.

Fjársýslustjóri staðfestir ársreikning stofnunarinnar með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. september 2005

Gunnar H. Hall

Gunnar H. Hall
fjársýslustjóri

RÍKISENDURSKOÐUN

# Áritun endurskoðenda

**Til fjármálaráðuneytis**

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar 1-22. Ársreikningurinn er lagður fram af fjársýslustjóra á ábyrgð hans í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga, og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjársýslu ríkisins á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 30. september 2005

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Sigurjón Ingi Haraldsson

# Rekstrarreikningur árið 2004

| Rekstrartekjur | Skýr | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Ýmsar tekjur | | 7.508.678 | 2.211.310 |
| **Samtals** | 1 | 7.508.678 | 2.211.310 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| **Almennur rekstur** | | | |
| Launagjöld | 2 | 305.521.758 | 268.086.700 |
| Starfstengdur kostnaður | 3 | 5.150.211 | 6.087.188 |
| Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta | 4 | 11.757.154 | 11.381.279 |
| Prentun og póstburðargjöld | 5 | 2.459.881 | 11.348.943 |
| Sími og tengigjöld | 6 | 5.353.950 | 4.893.716 |
| Leigugjöld | 7 | 31.206.280 | 23.577.200 |
| Viðhald á tækjum og búnaði | 8 | 3.807.897 | 1.498.296 |
| **Samtals** | | 365.257.131 | 326.873.322 |
| **Rekstur upplýsingakerfa** | | | |
| Launagreiðslukerfi | 9 | 49.220.209 | 75.620.566 |
| Tekjubókhaldskerfi | 10 | 225.477.735 | 220.214.328 |
| Bókhalds og áætlunarkerfi | 11 | 36.208.019 | 57.950.986 |
| Fjárhags og starfsmannakerfi | 12 | 213.531.326 | 148.491.176 |
| Innheimtuskilakerfi | 13 | 16.153.592 | 23.464.218 |
| Forsendukerfi innheimtugagna | 14 | 9.263.836 | 17.075.630 |
| **Samtals** | | 549.854.717 | 542.816.904 |
| **Rekstrargjöld alls** | | 915.111.848 | 869.690.226 |
| **Stofnkostnaður** | | | |
| Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi | 16 | 0 | 4.339.554 |
| Hugbúnaðargerð f. nýtt fjárh. og starfsm.kerfi | 17 | 141.653.924 | 261.036.415 |
| Hugbúnaðargerð f. bókhalds og áætlanakerfi | 18 | 2.472.463 | 1.915.810 |
| Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi | 19 | 11.177.658 | 7.482.813 |
| Annar stofnkostnaður og eignakaup | 15 | 9.966.623 | 9.807.833 |
| **Stofnkostnaður alls** | | 165.270.668 | 284.582.425 |
| **Gjöld alls** | | 1.080.382.516 | 1.154.272.651 |
| **Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags** | | ( 1.072.873.838) | ( 1.152.061.341) |
| Ríkisframlag | | 976.300.000 | 1.053.500.000 |
| **Tekjuafgangur (halli)** | | ( 96.573.838) | ( 98.561.341) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2004

## Eignir

| | Skýr | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|---|
| Veltufjármunir: | | | |
| Ríkissjóður | 22 | 91.197.938 | 193.723.107 |
| Viðskiptakröfur | | 1.404.383 | 654.181 |
| **Eignir alls** | | 92.602.321 | 194.377.288 |
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 145.182.226 | 243.543.567 |
| Leiðrétt frá fyrra ári | | 0 | 200.000 |
| Tekjuafgangur (halli) á árinu | | ( 96.573.838) | ( 98.561.341) |
| | 21 | 48.608.388 | 145.182.226 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | | 25.252 |
| Ógreidd gjöld | 20 | 43.993.933 | 49.169.810 |
| | | 43.993.933 | 49.195.062 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 92.602.321 | 194.377.288 |

# Sjóðstreymi árið 2004

| | Skýr | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | |
| Tekjuafgangur (halli)........................................... | | ( 96.573.838) | ( 98.561.341) |
| | | ( 96.573.838) | ( 98.561.341) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun)................................ | | ( 750.202) | 12.054 |
| Viðskiptaskuldir (lækkun).................................. | | ( 5.201.129) | 20.664.033 |
| | | ( 5.951.331) | 20.676.087 |
| | | ( 102.525.169) | ( 77.885.254) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Breyting á stöðu við ríkissjóð. | | | |
| Framlag ríkissjóðs................................................ | | ( 976.300.000) | ( 1.053.500.000) |
| Greitt úr ríkissjóði................................................ | | 1.078.825.169 | 1.131.385.254 |
| | | 102.525.169 | 77.885.254 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé..........................** | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í ársbyrjun.........................................** | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 0 | 0 |

# Skýringar með ársreikningi

**Reikningssskilaaðferðir**

Ársreikningur Fjársýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

**Skattar**

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignaskatta.

**Skráning tekna**

Sértekjur stofnunarinnar eru skráðar við afhendingu vöru eða þjónustu.

**Skráning gjalda**

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi og skuldfærð sem ógreidd í árslok.

**Starfsþáttaskipting**

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni eftir verkefnum hennar.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

**Lífeyrisskuldbindingar**

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna hvílir á stofnuninni. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

**Bókhald og fjárvarsla**

Rekstrarsvið Fjársýslu ríkisins sér um færslu bókhaldsins fyrir stofnunina en ríkisfjárhirsla annast greiðslu reikninga. Útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins en stofnunin sér um rekstur og viðhald þess.

# Skýringar með ársreikningi

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu samtals 976,3 millj. kr. og lækkuðu um 100 millj. kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Gert var ráð fyrir að tímabundin framlög til kaupa og aðlögun á nýjum bókhaldskerfum fyrir ríkið og til viðhalds á eldri bókhaldskerfum lækkuðu um 112 millj. kr. Eftir stóð þá um 77 millj. kr. fjárveiting til aðlögunar og viðhalds á nýja fjárhagskerfinu sem gert var ráð fyrir að gæti lækkað talsvert á árinu 2005 þegar búið yrði að koma kerfinu í fullan rekstur. Einnig var 6,4 millj. kr. fjárheimild flutt til embættis tollstjórans í Reykjavík vegna þjónustusamnings um EDI tollakerfi. Þá var Fjársýslunni ætlað að draga úr útgjöldum um 14. millj. kr. og er það liður í að mæta áformum um aðhald með útgjöldum fjármálaráðuneytisins. Á hinn bóginn var framlag til reksturs á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins hækkað um 31,7 millj. kr. Framlagið er einkum ætlað til að greiða fyrir fleiri notendaleyfi og ýmsan sameiginlegan kostnað sem leiðir af auknum kröfum um aðskilnað á þróun og rekstri kerfisins. Framlög til reksturs voru aukin um 181 millj. kr. á fjáraukalögum á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaði. Þar af lækkaði hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi um 101 millj. kr., hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi um 92,3 millj. kr., hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áæltanakerfi ríkisins um 9,7 millj. kr. og hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi um 22 millj. kr. Þessum fjárhæðum var varið til hækkunar á almennum rekstri um 76 millj. kr, rekstri launagreiðslukerfis um 22 millj. kr., rekstri tekjubókhaldskerfis um 65 millj. kr., og rekstri innheimtuskilakerfis um 18 millj. kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu 1.073 millj. kr. og halli af starfseminni 96,6 millj. kr.

| **Í þús. kr.** | **Reikningur** | **Fjárheimild** | **Fjárlög** |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | (7.509) | (1.100) | (1.100) |
| Launagjöld | 307.363 | 306.000 | 241.100 |
| Önnur rekstrargjöld | 59.735 | 82.100 | 72.100 |
| Rekstur upplýsingarkerfa | 548.014 | 672.000 | 567.000 |
| | 907.603 | 1.059.000 | 879.100 |
| Stofnkostnaður upplýsingakerfa | 155.304 | (89.200) | 91.800 |
| Annar stofnkostnaður og eignakaup | 9.967 | 6.500 | 5.400 |
| | 1.072.874 | 976.300 | 976.300 |

# Skýringar með ársreikningi

## Framsetning fjárlaga

| | Fjárlög | Fjárheimild | Frávik |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | ( 1.100) | ( 1.100) | 0 |
| Samtals | ( 1.100) | ( 1.100) | 0 |
| Almennur rekstur | 313.200 | 389.200 | ( 76.000) |
| Launagreiðslukerfi | 44.700 | 66.700 | ( 22.000) |
| Tekjubókhaldskerfi | 223.800 | 288.800 | ( 65.000) |
| Bókhalds- og áætlanakerfi | 51.400 | 51.400 | 0 |
| Fjárhags- og starfsmanna kerfi | 220.500 | 220.500 | 0 |
| Innheimtuskilakerfi | 10.100 | 28.100 | ( 18.000) |
| Forsendukerfi innheimtugagna | 16.500 | 16.500 | 0 |
| Samtals | 880.200 | 1.061.200 | ( 181.000) |
| Tæki og búnaður | 5.400 | 5.400 | 0 |
| Hugbúnaðargerð fyrir launaafgreiðslu | 0 | ( 101.000) | 101.000 |
| Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi | 9.000 | ( 83.300) | 92.300 |
| Hugbúnaðargerð f. bókhalds - og áætlanakerfi rík. | 6.300 | ( 3.400) | 9.700 |
| Hugbúnaðargerð f. nýtt fjárhags- og starfsm.kerfi. | 76.500 | 98.500 | ( 22.000) |
| | 97.200 | ( 83.800) | 181.000 |
| Samtals | 976.300 | 976.300 | 0 |

Rekstrarreikningur áranna 2004 og 2003 sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir tegundum:

| Í þús. kr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Sértekjur | ( 7.509) | ( 2.211) |
| Launagjöld | 307.363 | 268.825 |
| Önnur rekstrargjöld | 59.735 | 58.786 |
| Rekstur upplýsingakerfa | 548.014 | 542.079 |
| | 907.603 | 867.479 |
| Stofnkostnaður upplýsingakerfa | 155.304 | 274.774 |
| Annar stofnkostnaður og eignakaup | 9.967 | 9.808 |
| | 1.072.874 | 1.152.061 |

## 1. Tekjur

Fjársýslan hafði 1,9 m.kr. tekjur af því að færa bókhald fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og var nú í ár innheimt fyrri þjónustu síðustu fjögurra ára. Greiðslur stofnana fyrir viðhald og endurbætur móttöku- og gjaldkerakerfis námu 3,5 m.kr. Er þetta í síðasta sinn sem þessi innheimta fer fram því búið er að leggja kerfið niður. Þá greiðir Reykjavíkurborg þóknun að fjárhæð 1,5 m.kr. Einnig voru seldar notaðar tölvur.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 7.118.757 | 2.104.810 |
| Aðrar tekjur | 389.921 | 106.500 |
| | 7.508.678 | 2.211.310 |

# Skýringar með ársreikningi

## Sundurliðanir

### 2. Launagjöld

Launakostnaður jókst um 36.088 þús. kr. milli ára eða um 12,4%. Ársverk dagvinnulauna voru 71,4 en 68,9 árið áður og hefur þeim fjölgað um 2,5 eða um 3,2% milli ára. Fjöldi yfirvinnustunda var 21.189 en 18.909 árið áður og hefur aukist um 12,1% milli ára. Þóknanaeiningar voru 13.946 en 8.346 árið áður og hefur því fjölgað um 67,1% á milli ára. Að undanförnu hefur verið unnið að gerð fastlaunasamninga við starfsmenn og hefur samræming á launum þeirra valdið auknum launaútgjöldum. Hækkun á yfirvinnukostnaði og þóknunum stafar m.a. af aukinni vinnu við Oracle kerfið.

Hluti launa starfsmanna er gjaldfærður á stofnkostnað og auk þess á önnur rekstrarviðfangsefni og er þeirra getið í viðeigandi skýringum.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Dagvinna | 193.188.475 | 177.506.741 |
| Vaktaálagsgreiðslur | 678.760 | 632.849 |
| Aukagreiðslur | 18.783.429 | 12.369.692 |
| Yfirvinna | 57.800.372 | 50.182.497 |
| Launatengd gjöld | 55.890.082 | 49.561.333 |
| Alls: | 326.341.118 | 290.253.112 |
| Launagjöld færð á rekstrarviðfangsefni | ( 1.840.925) | ( 738.083) |
| Launagjöld færð á stofnkostnað | ( 18.978.435) | ( 21.428.329) |
| Launagjöld færð á almennan rekstur: | 305.521.758 | 268.086.700 |

### 3. Starfstengdur kostnaður

Ferðakostnaður ársins er einkum vegna norræns ríkisbókarafundar en árið áður var nokkuð um ferðir vegna Oracle kerfisins. Starfsmenn stofnunarinnar sóttu færri Oracle námskeið en árið áður. Risna og gjafir eru að mestu vegna starfsmanna. Framlög til starfsmannafélags eru vegna þátttöku stofnunarinnar í félagsstarfi starfsmanna.

| | | |
|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 469.700 | 1.216.939 |
| Námskeið o.fl | 194.367 | 514.559 |
| Akstur | 1.474.633 | 1.335.601 |
| Risna og gjafir o.fl | 588.511 | 956.089 |
| Starfsmannafélag o.fl | 2.423.000 | 2.064.000 |
| | 5.150.211 | 6.087.188 |

# Skýringar með ársreikningi

## 4. Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta

Þjónustugjöld eru greiðslur á bankakostnaði til Seðlabanka Íslands. Þau hafa hækkað á milli ára þar sem Oracle kerfið þarfnast fleiri færslna en eldra bókhaldskerfi, en gjaldskráin ræðst af færslufjöldanum. Þá voru bæði nýja og gamla gjaldkerakerfið opin samtímis hluta ársins.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Bækur og ritföng | 2.372.981 | 2.565.039 |
| Skrifstofuáhöld og aukahlutir fyrir tölvur | 140.162 | 884.732 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.279.588 | 2.003.824 |
| Ýmis sérfræðiþjónusta | 2.002.241 | 2.310.232 |
| Þjónustugjöld | 4.106.350 | 3.294.624 |
| Aðkeyptur akstur | 855.832 | 322.828 |
| | 11.757.154 | 11.381.279 |

## 5. Prentun og póstburðargjöld

| | | |
|---|---|---|
| Prentun | 0 | 9.331.750 |
| Póstburðargjöld og flutningsgjöld | 2.459.881 | 2.017.193 |
| | 2.459.881 | 11.348.943 |

## 6. Sími og tengigjöld

| | | |
|---|---|---|
| Sími | 4.994.940 | 4.446.748 |
| Afnotagjöld af skrám og línum | 359.010 | 446.968 |
| | 5.353.950 | 4.893.716 |

## 7. Leigugjöld

Stofnunin er með aðsetur að Sölvhólsgötu 7 og leigir húsnæðið af Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Húsaleiga nam 31.206 þús. kr. og hækkaði um 32,4% á milli ára. Leigan hækkar á milli ára þar sem Fjársýslan fékk aukið húsnæði á annarri hæðinni.

## 8. Viðhald á tækjum og búnaði

Viðbótar húsnæði á annarri hæðinni var innréttað og skipulagi þess breytt.

| | | |
|---|---|---|
| Iðnaðarmenn | 2.563.313 | 242.023 |
| Viðhald skrifstofuvéla og tækja | 812.916 | 1.202.440 |
| Annað | 431.668 | 53.833 |
| | 3.807.897 | 1.498.296 |

# Skýringar með ársreikningi

## 9. Rekstur launaafgreiðslukerfis

Útgjöld vegna reksturs kerfisins námu samtals 49,2 millj. kr og lækkuðu þau um 26,4 millj. kr. milli ára eða um 34,9%. Mánaðarleg gjöld fyrir rekstrarsamninga lækkuðu vegna Bár og gamla launakerfisins. Greiðslur Fjársýslunnar fóru stiglækkandi á árinu 2004 og námu fyrir síðasta ársfjórðung ársins 25% af kostnaði eins og hann var á sama tímabili árið 2003. Hann var greiddur fyrir uppflettingar en ekki þróun og viðhald. Kostnaður við breytingar á gamla launaafgreiðslukerfinu í kjölfar á upptöku nýs bókhaldskerfis nam tæplega 10 millj. kr. og er hann færður á viðhald og endurbætur. Gjaldfærð laun undir liðnum annað nema 729 þús. kr.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Þjónustusamningar | 29.846.664 | 56.744.398 |
| Viðhald og endurbætur á hugbúnaði | 12.016.792 | 9.448.907 |
| Rekstrarleiga tölvubúnaðar | 4.122.003 | 4.001.146 |
| Annað | 3.234.750 | 5.426.115 |
| | 49.220.209 | 75.620.566 |

## 10. Rekstur tekjubókhaldskerfis

Útgjöld vegna reksturs tekjubókhaldskerfisins námu 225 millj. kr. og lækkuðu þau um 5,3 millj. kr. milli ára eða 2,4%. Rekstrarsamningarnir eru vegna tekjubókhaldskerfis ríkisins, TBR og einnig TBI. Kostnaður við samning um þróun og viðhald kerfanna nam 94,7 millj. kr. Afnotagjöld eru þjónustugjöld vegna afnota TBR af skrám Hagstofu Íslands.

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarsamningur | 123.050.358 | 122.889.659 |
| Viðhald og endurbætur á hugbúnaði | 94.732.367 | 87.625.330 |
| Afnotagjöld | 6.376.779 | 8.036.774 |
| Annað | 1.318.231 | 1.662.565 |
| | 225.477.735 | 220.214.328 |

## 11. Rekstur bókhalds- og áætlanakerfis

Útgjöld vegna reksturs bókhalds og áætlunarkerfis námu 36,2 millj. kr og lækkuðu um 21,7 millj. kr. eða 37,5% frá árinu áður. Kostnaður við þjónustusamninga Bár lækka milli ára enda verið að taka í notkun nýtt bókhaldskerfi. Greiðslur Fjársýslunnar fóru stiglækkandi á árinu 2004 og námu fyrir síðasta ársfjórðung ársins 25% af kostnaði eins og hann var ásama tímabili árið 2003. Þá var unnið við að flytja upplýsingar úr Oracle yfir í Bár.

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarsamningur | 20.438.190 | 35.374.204 |
| Viðhald og endurbætur á hugbúnaði | 12.495.482 | 17.671.713 |
| Hugbúnaður | 1.992.537 | 3.152.583 |
| Annað | 1.281.810 | 1.752.486 |
| | 36.208.019 | 57.950.986 |

# Skýringar með ársreikningi

## 12. Rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis

Útgjöldin hækkuðu um 65 millj. kr. milli ára eða um 43,8%. Undir liðinn fellur rekstrarkostnaður og rekstrarsamningar. Hækkunina má rekja til viðhaldssamnings á nýjum notendaleyfum og sameiginlegs kostnaðar. Hækkun á sameiginlegum kostnaði er rakin til viðbótarkostnaðar SUN- þróunarumhverfisins og meiri krafna um aðskilnað í þróun og rekstri. Innifalin í liðnum eru gjaldfærð laun starfsmanna og nema þau 1.112 þús. kr.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Rekstrarsamningar ........................................................... | 39.522.950 | 36.366.223 |
| Samningur um rekstur og hýsingu kerfisins.............................. | 70.518.594 | 53.343.158 |
| Notendaleyfi...... | 85.014.521 | 49.002.684 |
| Annað.......................................................................... | 18.475.261 | 9.779.111 |
| | 213.531.326 | 148.491.176 |

## 13. Rekstur innheimtuskilakerfis

Útgjöld vegna reksturs innheimtuskilakerfisins námu 16,2 millj. kr. og hafa þau lækkað um 31,2% frá árinu áður. Undir þjónustusaminga er færður kostnaður við rekstrarsamninga kerfisins. Til tollstjórans í Reykjavík fluttust 6,4 millj. kr. vegna þjónustusamnings um EDI tollakerfi og lækkar kostnaður á fjárlögum Fjársýslunnar samsvarandi milli ára. Í árslok 2004 voru rekstrarsamningar um rekstur innheimtuskilakerfis sameinaðir rekstrarsamningi tekjubókhaldskerfis.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustusamningur.................................................................. | 15.847.751 | 23.317.238 |
| Viðhald og endurbætur á hugbúnaði......................................... | 231.858 | 77.902 |
| Annað.......................................................................... | 73.983 | 69.078 |
| | 16.153.592 | 23.464.218 |

## 14. Rekstur forsendukerfis innheimtugagna

Kostnaður við kerfið lækkar um 7,8 millj. kr. milli ára eða um 45,7%. Í árslok 2004 var rekstarsamningur forsendukerfis innheimtugagna sameinaður rekstrarsamningi tekjubókhaldskerfisins.

| | | |
|---|---|---|
| Þjónustusamningur.................................................................. | 7.098.616 | 7.093.333 |
| Viðhald og endurbætur á hugbúnaði......................................... | 2.158.221 | 9.971.734 |
| Annað.......................................................................... | 6.999 | 10.563 |
| | 9.263.836 | 17.075.630 |

# Skýringar með ársreikningi

## 15. Eignakaup og ýmis stofnkostnaður

Keypt voru húsgögn og búnaður í kjölfar á breytingum á húsnæði stofnunarinnar. Einnig var hluti af tölvu- og fjarskiptabúnaði endurnýjaður.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Húsgögn og búnaður | 3.222.262 | 1.439.392 |
| Skrifstofuvélar | 288.200 | 1.240.693 |
| Tölvubúnaður | 4.974.639 | 4.667.077 |
| Síma- og fjarskiptabúnaður | 1.125.831 | |
| Annað | 355.691 | 2.460.671 |
| | 9.966.623 | 9.807.833 |

## 16. Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi.

Enginn kostnaður var bókaður vegna þessa liðar en verið er að leggja kerfið niður.

| | | |
|---|---|---|
| Hugbúnaðargerð | 0 | 557.867 |
| Hugbúnaðarleyfi | 0 | 3.781.687 |
| | 0 | 4.339.554 |

## 17. Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi

Kostnaðurinn lækkar um 119,4 millj. kr. milli ára eða um 45,7%. Helsta ástæðan er sú að innleiðingu kerfisins lauk á árinu. Kostnaður við skammtíma þjónustusamninga nam 113,4 millj. kr. en 59,8 millj. kr. árið áður. Útgjöld vegna stofngjalds hugbúnaðarlausnar skjalaskanna og árlegt viðhalds- og uppfærslugjald nam tæplega 3,8 millj. kr. Annar hugbúnaðarkostnaður nam 3,2 millj. kr. Kostnaður við kærur vegna útboðs á fjárhags- og starfsmannakerfi nam 0,7 millj. kr. Ferðakostnaður er vegna ferða í íslensk sendiráð vegna upptöku á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi.

| | | |
|---|---|---|
| Launagjöld | 10.693.121 | 14.009.706 |
| Hugbúnaður og hugbúnaðargerð | 113.370.000 | 59.812.498 |
| Sérfræðiþjónusta | 13.650.573 | 183.201.486 |
| Ferðakostnaður og ýmis starfstengdur kostnaður | 3.043.386 | 2.146.498 |
| Annað | 896.844 | 1.866.227 |
| | 141.653.924 | 261.036.415 |

## 18. Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlanakerfi

Kostnaður þessi hefur farið lækkandi þar sem tekið hefur verið í notkun nýtt bókhaldskerfi. Á árinu var eingöngu færður launakostnaður á viðfangsefnið

# Skýringar með ársreikningi

## 19. Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi

Á viðfangsefnið eru gjaldfærð laun starfsmanns Fjársýslu sem vann við verkefnið. Undir hugbúnaðargerð fellur eftirfarandi kostnaður: Vefsvæði TBR var vottað og settur upp vefmiðlari. Keypt var Windows terminal server leyfi vegna TBR. Stofnkostnaður rekstrarsamnings TBR við viðfangsmiðlarann Gerill nam ríflega 3,9 millj. kr.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Launagjöld | 5.812.851 | 5.502.813 |
| Hugbúnaðargerð | 5.364.807 | 1.980.000 |
| | 11.177.658 | 7.482.813 |

## 20. Ógreidd gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Ógreidd gjöld | 43.993.933 | 49.169.810 |
| | 43.993.933 | 49.169.810 |

## 21. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónýttar heimildir að fjárhæð 48,6 millj. kr. Eigið fé lækkaði um 96,5 millj. kr. á árinu eða sem nemur tekjuhalla ársins.

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2004 | 145.182.226 |
| Ríkisframlag | 976.300.000 |
| Gjöld að frádregnum sértekjum | ( 1.072.873.838) |
| Höfðuðstóll 31.desember 2004 | 48.608.388 |

## 22. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð 91,2 millj. kr. en í upphafi árs 193,7 millj. kr. Staðan hefur þannig lækkað um 102 millj. kr. á milli ára.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2004 | 193.723.107 |
| Ríkisframlag | 976.300.000 |
| Greitt úr ríkissjóði | ( 1.078.825.169) |
| Staða 31. desember 2004 | 91.197.938 |

# Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2004

**Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri**

## Bókhaldssvið

**Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður**

Anna Guðmundsdóttir
Bára Björk Elvarsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Einar Torfi Ásgeirsson
Guðrún Ingibjörg Alexíusdóttir
Halldóra Jónasdóttir
Haraldur Blöndal
Hildur Hafsteinsdóttir
Hulda Þórisdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Margrét Bjarnadóttir
Sigurpála Birgisdóttir
Snæfríður Magnúsdóttir
Sæþór Skarphéðinsson
Þrúður Jóna Kristjánsdóttir

## Launasvið

**Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður**

Anna B. Jóhannsdóttir
Arngrímur V. Angantýsson
Drífa Ósk Sumarliðadóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Gunnar Finnbogason
Haraldur Eiríksson
Helga S. Helgadóttir
Hulda Jónsdóttir
Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir
Þóra Kristín Jónsdóttir

## Rekstrarsvið

**Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður**

Böðvar Héðinsson, starfsmannastjóri
Gunnar Hámundarson
Hansína Rut Rútsdóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Svanhvít Erla Einarsdóttir
Þórey Erla Ragnarsdóttir

## Ríkisfjárhirsla

**Magni Steinsson, forstöðumaður**

Guðmundur Vigfússon
Kristín Orradóttir
Ragna Unnur Helgadóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Vigfúsdóttir
Thelma Hólm Másdóttir

## Tekjusvið

**Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður**

Guðjón Á. Ríkharðsson
Hafliði Hörður Hafliðason
Halldór Jóhann Harðarson
Harpa Valdimarsdóttir
Helga Garðarsdóttir
Kristján Geir Ólafsson
Máni Radmanesh
Steinvör Edda Einarsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

## Tæknisvið

**Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri**

Bergþór Skúlason
Eggert Eggertsson
Guðbrandur Jón Jónsson
Guðný G. Guðlaugsdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Friðrik Klausen
Óttar Arnaldsson
Stefán Ólafsson
Þorbjörg Þórhallsdóttir

## Uppgjörssvið

**Pétur Jónsson, forstöðumaður**

Birgir Ævar Ólafsson
Elín Viola Magnúsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Haraldur Agnar Bjarnason
Jóhanna Guðbjörnsdóttir
Jónas H. Jónsson
Valdimar Tómasson

FJÁRSÝSLA RÍKISINS
SÖLVHÓLSGÖTU 7 • 150 REYKJAVÍK • SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383 • **POSTUR@FJS.IS** • WWW.FJS.IS

37054 Gutenberg